



Alþingi
Erindi nr. P 126/1824
komudagur 11. 4. 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Á fundi sveitarstjórnar Djúpavogshrepps þann 5. apríl sl. var farið yfir frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax – og silungsveiði, nr. 76/1970.

Sveitarstjórn fagnar þeirri breytingu að Landbúnaðarráðherra gefi út rekstrarleyfi í stað Veiðimálastjóra. Hvað varðar umsagnir um rekstrarleyfi telur sveitarstjórn umsagnaraðila of marga og telur rétt að einfalda þann feril á þann hátt að umsagnaraðilar verði tveir til þrír.

Starfsmenn Veiðimálastofnunar hafa sett fram þær fullyrðingar að kvíaelði feli í öllum tilfellum í sér hættu á erfðablöndun, óháð staðsetningu. Sveitarstjórn telur að þannig fullyrðingar komi í veg fyrir að Veiðimálastofnun sé hæf til að veita umsagnir til ráðherra vegna rekstrarleyfis.

Djúpavogi 9. apríl 2001

Virðingarfyllst,
f.h. Djúpavogshrepps
Sveitarstjóri

(Djúpavogshrepps

Ólafur Ragnarsson

Djúpavogshreppur

Heimilisfang
Bakki 1
765 Djúpivogur

Sími
478 8288

Bréfsími
478 8188

Netfang
djupivogur@simnet.is

Vebsíða
simnet.is/djupivogur/

Kennitala
570992-2799